



1. Teljist váttryggður hafa veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiðir til þess að hann fái greiddar bætur sem hann á ekki rétt til, skal vísa málinu til framkvæmdastjóra og lögfræðings stofnunarinnar.

2. Framkvæmdastjóri og lögfræðingur skulu meta hvort ástæða sé til að NTÍ beri fyrir sig að stofnunin sé laus undan ábyrgð í heild eða að hluta á grundvelli 31. gr. laga um váttryggingasamninga.

3. Meti framkvæmdastjóri og lögfræðingur svo að NTÍ skuli bera fyrir sig að stofnunin sé laus undan ábyrgð í heild eða að hluta skal senda váttryggðum/tjónþola bréf þar sem upplýst er að fyrirhugað sé að beita ákvæðum 2. mgr. 47. gr. laga um váttryggingasamninga. Veita skal 20 daga frest til að koma að andmælum.

4. Viðlagatrygging skal taka ákvörðun í málinu þar sem váttryggður/tjónþoli er upplýstur um kærueimild til stjórnar NTÍ.

5. Framkvæmdastjóri og lögfræðingur skulu taka ákvörðun um hvort kæra skuli málið til lögreglu.